



## samband íslenskra framhaldsskólanema

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 3. nóvember 2014

Efni: Umsögn um breytingar á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008; Þingskjal 243—214. mál.

Samband íslenskra framhaldsskólanema hefur fengið til umsagnar breytingar á lögum um framhaldsskóla. Að neðan eru athugasemdir viðvíkjandi frumvarpinu.

Athugasemdir: SÍF gerir engar athugasemdir við greinar 1-3 og 5-6. Á sama tíma og stjórnin fagnar endurskoðun laganna gerum við alvarlegar athugasemdir við 4. grein. Með henni er skólum gefin heimild til þess að rukka nemendur fyrir rafrænt námsefni. Þó svo að þeirri heimild sé búinn þröngur rammi gengur hún gegn þeirri grunnhugsun um að nemendur eigi ekki að þurfa að greiða beint fyrir nám sitt.

Í athugasemdum við frumvarpið er talað um að tryggja verði greiðslur fyrir rafrænt efni. Undir þau orð tökum við en bendum á sama tíma á að slíkar greiðslur ættu að vera á höndum ríkisins en ekki nemenda. Eins og kemur fram í skýringum með frumvarpinu eru greiðslur nemenda vegna námsgagna eru gróft reiknað um 60-90 þúsund krónur á ári og er vart á það bætandi.

Í athugasemdum er einnig fjallað um 51. gr laga um framhaldsskóla. Í henni segir: „Í fjárlögum ár hvert skal tilgreind sú fjárhæð sem veitt er til að mæta kostnaði

nemenda vegna námsgagna". Slík fjárhæð hefur aldrei verið sett fram þó að um það sé kveðið í lögum. Með því að hækka álögur á nemendur án þess að hjálpa þeim að mæta auknum kostnaði gæti það bolað efnaminni nemendum úr námi. Hvetjum við því allsherjar og menntamálanefnd að beita sér fyrir því að farið verði að lögum og lagt verði fjármagn til að hjálpa nemendum við að standa undir námi sínu.

Hingað til hafa nemendur geta valið á milli þess að kaupa nýjar námsbækur, farið á skiptibókmarkaði, fengið lánaðar bækur hjá kunningjum eða hreinlega geta sleppt því. Með því móti hafa þeir geta valið ódýrasta kostinn eða þann sem hentar hverjum og einum. Með því að skikka nemendur til þess að kaupa gögn af ákveðnum aðila er vegið að valfrelsi þeirra og hætta á að fákeppni myndist. Það er skýlaus krafa framhaldsskólanema að ef verður af fyrirhuguðum breytingum, verði séð til þess að rafrænt námsefni verði á samkeppnishæfu verði miðað við önnur námsgögn og að nemendur geti valið á milli samkeppnisaðila.

Við 1 mgr. 56. gr laganna bætist: „Heimilt er í tilraunaskyni með sérstöku leyfi ráðherra að innheimta gjald fyrir rafrænt námsefni sem framhaldsskólar ákveða og er veigamikill hluti af námsefni í námsáfanga á skráðri námsbraut viðkomandi nemenda eða í áfanga sem þeir hafa ákveðið að stunda sem valgrein.“ Þetta orðalag að veita skólum heimild til þess að innheimta gjald fyrir rafrænt námsefni sem þeim er gert að nýta í námi er mjög opið. Nánast allt námsefni sem notað er í skólum fellur undir þessa skýringu. Gætu skólar t.d. innheimt gjald af nemendum fyrir þau kerfi er halda utan um skólasókn, glósubanka kennara eða jafnvel ritvinnsluforrit tölva skólanna. Leggjum við því til að skilyrði verði bætt við sem lýtur að því að rafræna námsefnið hefði ellegar verið gefið út á bókaformi.

Framhaldsskólanemar fagna aukinni notkun rafrænna námsgagna og því skrefi sem þar með er stigið nær framtíðinni. Hins vegar ætti ekki að láta innheimta gjöld af nemendum vegna náms þeirra; þeir eru ekki aflögufærir. Slíkar greiðslur ættu að vera á forræði ríkisins.

**Fyrir hönd Sambands íslenskra framhaldsskólanema,  
Benedikt Traustason.**